

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 155 – 28.03.2012

Miðvikudaginn 28 mars árið 2012, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 14.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Tilboð í holu SK-32 í Hrolleifsdal.
2. Lánamál Skv.
3. Hitaveitumál í Fljótum.
4. Fagfundur Samorku 24. – 25. maí nk. í Keflavík.
5. Heitavatnsmál v/ Hólalax – greinargerð frá Stoð ehf.
6. Stafsmannamál.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram tilboð í holu SK-32 í Hrolleifsdal sem opnuð voru á skrifstofu Skagafjarðarveitna 15. mars 2012. Tilboð bárust frá:
Jarðborannir hf Samtals. 37.481.221.-
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. Samtals 48.786.000.-
Samþykkt að taka tilboði Jarðboranna hf. Páli falið að ganga til samninga við Jarðborannir hf.
2. Farið yfir lánamál Skagafjarðarveitna ehf.
3. Farið var yfir hitaveitumál í Austur - Fljótum. Páli falið að leita samninga á nýtingarétti við eigendur borholu við Reykjahól í Austur – Fljótum.
4. Fagfundur Samorku verður haldin í Keflavík 24 og 25 maí nk. Samþykkt að stjórnarmenn sem eiga þess kost fari á fundinn auk veitustjóra og verkstjóra.
5. Lögð fram greinargerð dags 20. mars 2012 frá Stoð ehf sem unnin er af Braga Haraldssyni vegna notkunar Hólalax ehf á heitu vatni við eldisstöð á Hólum í Hjaltadal. Samþykkt að Páll og Einar ræði við stjórnendur Hólalax ehf.
6. Páll Pálsson upplýsti að hann hygðist láta af starfi veitustjóra Skagafjarðarveitna ehf nú í haust. Páll fer fram á að fá að semja frekar um starfslok sín við stjórn Skv. Samþykkt að fela formanni stjórnar að gera samningi um starfslok við Pál og leggja fyrir stjórn Skv.
7. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.35
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Jón Magnússon (sign)
Úlfar Sveinsson (sign)
Páll Pálsson veitustjóri (sign)